

FYRSTI KAFLI.

I.

Litli skíðburðarmaðurinn.

Það var kveld nokkurt í byrjun októbermánaðar, fáum árum eftir hinn voðalega viðburð, sem við þegar höfum lýst. Það var farið að dimma, úðapoka var í loftinu og dálítið regn féll á jörðina. Það var einn af þessum óþægilega köldu dögum, sem eru svo tíðir í Svíþjóð á haustin.

Á norðurbökkunum á Venern, nokkrar mílur vestur af Carlstad, stendur þéttvaxinn og dimmur greniskógur, tilheyrandi skrautlegu höfðingjasetri, sem stendur á ljómandi fallegu nesi. Gegn um þennan skóg rennur þjóðvegurinn í ótal bugðum. Til hliðar við veginn er á einum stað dys nokkur, sem hefir myndast smátt og smátt með því, að þeir, sem um veginn fara, kasta þremur steinum hver í dysina, til endurminningar um morð, sem þar var framið. Siður þessi er mjög almennur, einkum í miðhéraðum Svíþjóðar.

Klukkan mun hafa verið um 5 þetta áður á minsta októberkvöld, þegar lítill, fátæklega klæddur piltur stóð kyrr við dys þessa. Pilturinn leit út fyrir að vera á að gizka 10 ára, og var mjög fötlur og horaður. Hann var í gamalli, slitinni treyju, en